

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 1.tbl. 10. árg

Ágúst 2020



Komið þið sæl og velkomin í skólann!

Við hefjum nú nýtt skólaár í Glerárskóla á einkennilegum tímum líkt og þegar við slitum skóla að vori. Þetta haustið er margt í farvatninu, í heiminu, í okkar samfélagi og í skólanum sjálfum. Við lítum björtum augum til komandi skólaárs og erum sannfærð um að það verði gott og gleðilegt enda nóg að gera og margt sem við getum glaðst yfir.

Nú er verið að leggja síðustu hönd á nýja D-álmu skólans og aðeins nokkrir dagar þar til við getum tekið hana í notkun. Álman verður afar vel búin og glæsileg og mikið tilhlökkunarefni að hefja starfsemi þar.

Lóð skólans er á þessum framkvæmdartímum kannski ekki alveg eins og við viljum sjá hana, en þetta er tímabundið ástand sem verður fljótt að gleymast þegar ný lóð verður tilbúin. Það mun þó ekki gerast alveg strax enda þó nokkuð eftir af framkvæmdum við skólann næstu árin. Það er því að setja í þrautseigjugírinn og gera úr þessu eins gott og hægt er, vera nægjusamur og sýna tillitssemi.

Aðgengi að skólanum okkar er einnig með öðrum hætti en undanfarið vegna framkvæmdanna. Hér á eftir koma upplýsingar um hvernig því verður háttað og biðjum við forráðamenn að taka tillit til þess.

Upplýsingar vegna Covid19 verða einnig tíundaðar auk þess sem við komum með ýmiskonar skilaboð sem eru hagnýt nú í skólabyrjun.

Við biðjum því alla að lesa fréttabréfið vel og nýta sér heimasíðuna okkar til upplýsingaöflunar.

Við hlökkum til að sjá nemendur og takast á við nýtt skólaár 2020-2021.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Skólasetning 2020

Skólasetning Glerárskóla verður mánudaginn 24. ágúst 2020 í íþróttasal skólans.

Að þessu sinni er **forráðamönnum ekki boðið** að koma á setninguna vegna aðstæðna í samfélaginu.

Skólasetningin verður sem hér segir:

2. – 4. bekkur kl. 9:00
5.- 7. bekkur kl. 10:00
8.- 10. bekkur kl. 11:00



Að setningu lokinni fara nemendur með umsjónarkennurum í stofur og fá upplýsingar um skólastarfið.

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar verða boðaðir til viðtals þann 24. ágúst.

Þriðjudaginn 25. ágúst 2020 hefst skólastarf samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 10. bekk.

Umsjónarkennarar 2020-2021

1. bekkur: Íris Dröfn Hafberg og Þorbjörg Otta Jónasdóttir
2. bekkur: Esther G. Gestsdóttir, Helga Ingadóttir og Hólmfríður Guðnadóttir
3. bekkur: Anna Sigríður Halldórsdóttir og Inga Huld Pálsdóttir
4. bekkur: Heimir Freysson
5. bekkur: Guðrún Þóra Björnsdóttir og Jóhann Ingi Einarsson
6. bekkur: Hulda Björk Snæbjörnsdóttir og Lovísa Rut Stefánsdóttir
7. bekkur: Ingibjörg Björnsdóttir og Snorri Bergþórsson
8. bekkur: Fríða Pétursdóttir og Ragnar Logi Búason
9. bekkur: Karen Jóhannsdóttir og Sveinn Leó Bogason
10. bekkur: Anna Guðrún Jóhannesdóttir og Guðný Sigríður Víkingsdóttir



Nokkrar hagnýtar upplýsingar

Skólahúsnæði Glerárskóla opnar klukkan 7:50 á morgnana. Vinsamlega virðið þann opnunartíma og sendið ekki nemendur of snemma af stað í skólann.

Skóladagur hefst klukkan 8:15 á morgnana. Skóla lýkur kl. 13:15 hjá 1. - 4. bekk og frá þeim tíma er frístund opin til kl. 16:15. ATH! Staðfesta þarf skráningu nemenda í frístund fyrir 20. hvers mánaðar.

Við gerum ráð fyrir að nemendur borði staðgóðan morgunmat en nemendur fá nestistíma á morgnana og bendum við forráðamönnum á mikilvægi þess að börnin séu með hollt nesti eða í ávaxtaáskrift. Nemendum er ekki leyfilegt að yfirgefa skólalóðina á skólatíma.

Matartímar eru þrískiptir í skólanum frá kl. 11:10 og allt til kl. 12:35.

Skráningar í mötuneyti, ávaxta - og mjólkuráskrift fara fram í gegnum www.matartorg.is og hægt er að fá allar upplýsingar um það hjá ritara.

Áskriftin kostar eftirfarandi:

Annaráskrift kr. 457 hver máltíð

Stök máltíð kr. 614

Mjólkuráskrift kr. 3.244 sem greiðist tvisvar á ári í september og janúar

Ávaxtaáskrift kr. 7.418 (heill ávöxtur) sem greiðist tvisvar á ári í september og janúar



Allir forráðamenn eiga að hafa aðgang að InfoMentor en ef einhver hefur glatað lykilorði sínu er hægt að hafa samband við ritara og fá nýtt. InfoMentor opnar fyrir forráðamenn þann 24. ágúst 2020.

Á heimasíðu Glerárskóla, undir flípanum Foreldrar, má finna notendahandbók InfoMentor fyrir aðstandendur nemenda.

Leyfisbeiðnir og veikindaskráning

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska **sem minnst** eftir leyfi fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu.

Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í 1-2 daga þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.

Ef um 3 daga eða lengri leyfi er að ræða þarf að sækja um þau **rafrænt** á formi sem finna má á heimasíðu skólans. Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

Minum einnig á að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á Mentor. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn. Athugið að tilkynna/skrá þarf veikindi daglega.



Vegna Covid19

Þar sem við göngum nú inn í skólaárið á tímum Covid19 eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga og sem fylgja þarf eftir:

1. Við biðjum ykkur að brýna fyrir börnunum að vera dugleg að þvo sér um hendur með sápu og vatni eða nota spritt. Alltaf skal spritta hendur við komu í matsal.
2. **Forráðamenn koma ekki inn í skólann nema brýna nauðsyn beri til.**
3. Við biðjum ykkur einnig að brýna fyrir börnunum að sína virðingu í samskiptum og taka tillit til þeirra sem vilja virða nándarmörk (1 meter innan skólans).
4. Ef nemendur hafa kvefeinkenni, sáran háls, hitaslæðing eða beinverki skal halda þeim heima og tilkynna veikindi.

Framkvæmdir við Glerárskóla

Líkt og allir vita eru miklar framkvæmdir við Glerárskóla þessa dagana og verða í allan vetur. Leikskólabygging rís nú sunnan við íþróttahús og á áætlun er að loka húsinu fyrir vetrarveður.

Efri hæð nýrrar D- álmu í Glerárskóla verður tekin í notkun von bráðar en leikskólinn verður áfram í byggingu allt skólaárið eins og áður er nefnt.

Skólalóðin okkar er að komast í nokkuð gott horf en samt sem áður er ýmislegt sem huga þarf að til að hægt verði að sinna öllum framkvæmdum á svæðinu. Leiksvæði nemenda verður aðallega á norður og austurhluta lóðar.


Hér á eftir kemur mynd sem sýnir skólasvæðið og hvernig það verður skipulagt þetta skólaár.



Nokkur atriði þarf sérstaklega að hafa í huga hvað varðar bílastæði, akstur til og frá skóla og aðgengi að skólanum.

Við biðjum forráðamenn að taka tillit til þeirra óska sem koma hér fram svo við getum aert skólann öruggari fyrir nemendur:

1. Gönguleiðir að skólanum eru:
 - að vestan niður stíg og hjólagötu sem verður malarborinn
 - að austan - yfir hálsinn og meðfram Árholti
 - að sunnan frá Höfðahlíð á gangstétt og yfir hraðahindranir sem settar verða við skólann
2. **Bílastæði fyrir framan C-álmú eru eingöngu fyrir sundlaugargesti og starfsfólk skóla** auk þess sem þar er aðgengi að skólanum fyrir ferlibíla/fatlaða og alla vörulösun. **Vinsamlega akið ekki inn á bílastæðið ef verið er að skutla nemendum til skóla eða sækja þá.**
3. **Bílastæði framan við A-álmú eru hugsuð fyrir starfsfólk Glerárskóla, íþróttahúss og sundlaugar auk leikskólans Árhólts.** **Vinsamlega akið ekki inn á það bílastæði ef verið er að skutla nemendum til skóla.**
4. **Við óskum eftir því að nemendur gangi eða hjóli í skólann og að allt skutl verði í lágmarki**
5. Ef nauðsynlega verður að skutla nemanda í skólann er **sleppisvæði á Höfðahlíðinni** þar sem nemendur geta farið úr bílnum þrátt fyrir töf á umferð (sjá mynd)



Skólabyrjun í Glerárskóla

Það er ljóst að nýja D-álman okkar verður ekki tilbúin til notkunar fyrr en 31. ágúst n.k. Það gerir að verkum að við verðum að hagræða skólastarfinu fyrstu viku skólaársins. Skipulagið verður sem hér segir:

Mánudagur 24. ágúst 2020

Skólasetning:

1. bekkur: Viðtöl
- 2.- 4. bekkur: Skólasetning kl.09:00 - 10:00 (Frístund opnar að lokinni setningu fyrir skráða nemendur)
- 5.-7. bekkur skólasetning kl. 10:00 - 11:00
- 8.-10. bekkur skólasetning kl. 11:00 - 12:00

Þriðjudagur 25. ágúst – föstudags 28. ágúst 2020

Árgangar raðast í stofur fyrstu vikuna á eftirfarandi hátt eða þar til D álma verður tilbúin.

1. bekkur B5
2. bekkur B1 og B3
3. bekkur B4 og B6
4. bekkur B8



5. bekkir B2 og B7

6. bekkur A1 og A3

7. bekkur A5 og A7

8. - 10. bekkur verður í útivist- og grenndarkennslu þessa viku. Skóladagurinn hjá þeim verður samkvæmt eftirfarandi:

Priðjudagur 25. ágúst kl. 8:15 - 12:00 - Hádegismatur verður í boði

Miðvikudagur 26. ágúst - föstudagur 28. ágúst kl. 8:15 - 12:00 - Ekki verður boðið upp á hádegismat þessa þrjá daga (ekki þarf að greiða fyrir þá daga).

Nemendur 8. - 10. bekkjar fá allt nánara skipulag á skólasetningardaginn.

Ekki verða kenndar valgreinar þessa fyrstu viku skólaársins.

Helstu atburðir í ágúst og september 2020

24. ágúst 2020	Skólasetning (sjá ofar)
31. ágúst 2020	Ný D - álma tekin í notkun
1.september 2020	Útivistardagur - allur skólinn
8.september 2020	Dagur læsis
9. september 2020	Ólympíuhlaup ÍSÍ
16. september 2020	Dagur íslenskrar náttúru
24. og 25. september 2020	Samræmd próf í 7. bekk
25 september 2020	Fótboltamót 8. -10. bekkjar á Akureyri
30. sept - 1. okt. 2020	Samræmd próf í 4. bekk

Farartæki á hjólum

Líkt og margir vita tóku gildi nýjar umferðarreglur um síðustu áramót. Hvað grunnskólann varðar verður sú breyting að nú mega allir nemendur koma á hjóli í skólann. Ítrekað skal þó að nemendur allt að 9 ára aldri mega ekki hjóla á akvegi heldur verða að þræða stíga og gangstéttir. Við viljum einnig benda á að nemendur eru á ábyrgð forráðamanna á leið í og úr skóla.

Þar sem nú eru miklar framkvæmdir við Glerárskóla þrengir æði mikið að nemendum á leið sinni til og frá skóla. Við óskum því eftir að forráðamenn brýni fyrir börnum sínum að fara varlega og hafa augun opin. Enn er þrengt að skólalóðinni okkar úr tveimur áttum og í kringum skólann verða oft á tíðum stór vinnutæki. Það er því grundvallaratriði að kenna börnunum okkar varkárni í umferðinni.



Nemendur í 1. - 10. bekk sem koma á farartækjum á hjólum í skólann þurfa að hlýta þeirri reglu að nota hjólin ekki á skólalóðinni. Einnig ber nemendum að setja hjólin sín í hjólagrindur og vera með lása, því skólinn tekur ekki ábyrgð á hjólunum. Ekki er í boði að geyma hjól, hlaupahjól eða rafmagnshjól inni í skólanum.

Einnig minnum við á að allir eiga að nota hjálma ef þeir eru á farartækjum á hjólum á leið í og úr skóla.

Samræmd próf í 4. og 7. bekk


Í lok september og byrjun október fara fram árleg samræmd próf í 4. og 7. bekk. Þau verða sem hér segir:

24. september: 7. bekkur íslenska

25. september: 7. bekkur stærðfræði

30. september: 4. bekkur íslenska

1. október: 4. bekkur stærðfræði



Allar nánari upplýsingar koma síðar.

Faglegt starf í Glerárskóla

Skólaárið 2020 - 2021 er mikil gróska í faglegu starfi Glerárskóla. Ný menntastefna Akureyrarbæjar hefur nú litið dagsins ljós og mun skólinn okkar ásamt öllum skólum bæjarins aðlaga starfið að henni. Gæðaráð skólans mun vinna af kappi við að meta starfið og koma með úrbætur til þess að starfið verði enn betra. Glerárskóli mun á skólaárinu taka þátt í verkefni sem nefnist Læsi fyrir lífið á mið og unglíngastigi. Áhersla þess verkefnis verður á eflingu alls læsis í skólanum og vinnu við samfellu í læsi. Einnig verðum við með verkefni sem eflir stærðfræðikennslu á yngsta stigi og nefnist Zankow stærðfræði, áframhaldandi unglíngaspjall á unglíngastigi og eflingu tækni í kennslu enda hefur skólinn fest kaup á fleiri tölvum og iPad tækjum á liðnum dögum. Auk alls þessa erum við þátttakendur í þremur Erasmus+ verkefnum sem vonandi geta farið af stað í vetur þegar Covid19 linnir.

Þetta er lítið brot af því sem við vinnum að á hverju degi í skólastarfinu en eins og allir vita er það sýnin okkar HUGUR-HÖND-HEILBRIGÐI sem leiðir starfið í skólanum.

Að lokum

Það er að mörgu að hyggja í skólastarfinu þessar fyrstu vikur skólaársins 2020 - 2021.

Það sem nú er í gangi í samfélaginu okkar og allar þær framkvæmdir sem verið er að vinna í og við skólann, setja mark sitt á það starf sem þar fer fram.

Það er þó mikil spenna og eftirvænting sem fyllir andrúmsloftið í skólanum því bráðlega tökum við aðra nýja og glæsilega álmu í notkun. Við erum heppin og það er magnað að framkvæmdir hafi tekið svo stuttan tíma sem raun ber vitni og að allt sé þetta að smella saman.

Enn og aftur sést hversu mikill samtakamátturinn er þegar við leggjumst á eitt við að láta hlutina ganga og við vitum að áfram höldum við með góðu samstarfi allra í skólasamfélaginu okkar að gera Glerárskóla enn betri og glæsilegri um komandi ár.

Kæru forráðamenn og nemendur, við skulum vera stolt af skólasamfélaginu okkar og halda glöð og bjartsýn inn í nýtt skólaár í Glerárskóla.

**Glerárskóli, v/Höfðahlíð
603 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerarskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

